

Mál nr. 41/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar sveitafélagsins (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjölum, móttakið 7. febrúar 2022
2. Bréf V, ásamt fylgiskjölum, dags. 1. mars 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. mars 2022.
4. Viðbótarathugasemdir X, dags. 30. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 23. nóvember 2018 í íþróttatíma þegar M, 12 ára, hoppaði niður af vegg, lenti með fótinn undir sér og slasaðist.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli sakarreglunnar og vinnuveitendaábyrgðar. Slysið megi þannig rekja til saknæmrar háttsemi íþróttakennara við skólann sem gætti ekki að aðstæður í leikfimitíma væru öruggar. Vísar M m.a. til ákvæði laga nr. 91/2008 um grunnskóla, lög nr. 64/1998 um íþróttir og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. og reglugerð nr. 1040/2011. Telur M að kennari við skólann hafi, með því að bjóða upp á æfingu í íþróttum sem feli í sér að hoppa niður háan vegg, ekki gætt að þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem á honum hvílir sem kennari í grunnskóla. Vísar M sérstaklega til þess að fallhæð af vegg niður á dýnu hafi verið um 2-3 metrar.

V hafnar kröfum M og gerir í fyrsta lagi athugasemdir við ónákvæmni í málsatvicalýsingu í málskoti. Vekur V þannig athygli á að fallhæð af brún palls, sem M stökk niður af, niður á dýnuna er um 1,6 metrar, auk þess sem að um sé að ræða fasta æfingastöð í íþróttahúsinu sem hafi verið notuð svo árum skiptir án þess að slys hafi orðið. Þannig sé stöðin notuð við íþróttakennslu fyrir börn frá 7 ára aldri. Þá er það afstaða V að ekki hafi verið sýnt fram á að X, eða starfsmenn X, hafi valdið slysi M eða eigi sök á slysi M, hvorki á grundvelli saknæmrar háttsemi X né á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Sönnunarbyrðin um ætlaða sök sé hjá M og ekkert í gögnum málsins sýni fram á eða leiði að því líkum að nokkuð hafi verið athugavert við stöðina, notkun hennar, þá kennslu sem átti sér stað eða viðbrögð íþróttakennara eftir slys. Þannig hafi verið um venjubundna æfingu að ræða, þ.e. stökk úr 1,6 m. hæð ofan á 1 metra þykka sérþúna fimleikadýnu. Æfingin sé hættulítill sem endurspeglar í því að slys hafi hvorki fyrir umrætt atvik né síðar orðið við notkun stöðvarinnar.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Af gögnum málsins er ljóst að M var við æfingar í íþróttatíma þegar hún stökk af palli niður á sérútbúna 1 m. þykka fimleikadýnu. Ákveðinn óskýrleiki er í fylgiskjölum M um meinta fallhæð en telja verður að fylgiskjöl V gefi réttari mynd af raunverulegri fallhæð, um 1,6 m. Þá liggur fyrir að um er að ræða fasta æfingastöð sem hefur verið í notkun í fjölda ára og fyrir börn frá 7 ára. Engin slys hafa áður orðið við æfinguna og því verður að telja að æfingin sé hættulítill. Loks verður að notkun stöðvarinnar sé innan kennsluskrár og námsskrár í aðalnámskrá fyrir árgang. Af gögnum málsins verður ekki sýnt fram á að X eða starfsmenn X hafi valdið slysi M eða eigi sök á slysi M, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmatrar háttsemi X né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir